

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 16.000,00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Snæfugli SU 20 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum sbr. 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skipaklettur h/f, greiði stefnanda, Jóni Magnúsi Guðmundssyni, kr. 25.528,00 með 36% ársvöxtum frá 15. nóvember 1983 til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 23. október 1984 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Snæfugli SU 20 til tryggingar framan- greindum fjárhæðum.

Þriðjudaginn 7. október 1986.

Nr. 197/1985. **Gunnar Guðjónsson sf.**
Magnús Ármann og
Magnús Gunnarsson

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

Einari Hjaltasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1985. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann og gera áfrýjendum að greiða stefnda 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Gunnar Guðjónsson sf., Magnús Ármann og Magnús Gunnarsson, greiði stefnda, Einari Hjaltasyni, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum bér að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 4. október 1984.

Stefnandi málsins er Einar Hjaltason stýrimaður, nú til heimilis að Bjarnhólastíg 17, Kópavogi, nafnnúmer 1812-0070.

Stefndu eru Gunnar Guðjónsson sf., Hafnarstræti 5, Reykjavík, nafnnr. 3353-9010, Magnús Ármann skipamiðlari, Sunnubraut 40, Kópavogi, nafn- nr. 6244-3960, og Magnús Gunnarsson, Hrísholti 4, Garðabæ, nafnnr. 6258-6044.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 168.153,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til stefnubirtingardags 4. október 1984, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og „að vexti verði heimilt að leggja við höfuðstól árlega í fyrsta sinn þann 1. júlí 1985“. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Ennfremur krefst stefnandi að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Mar fyrir öllum til- dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast sýknú af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitani af hálfu dómars hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefnandi var 1. stýrimaður á m/s Mar sem er 1379 rúmlesta vöruflutningaskip í eigu Jarlsins h/f í Grindavík. Stefndi Gunnar Guðjónsson s/f gerði skipið út á þeim tíma sem hér skiptir máli. Eigendur sameignarfélagsins eru stefndu Magnús Ármann og Magnús Gunnarsson. Stefnandi hóf

störf á skipinu í júní 1983 og var lögskráður á skipið 22. júní til 12. ágúst 1983. Hann var aftur lögskráður á skipið 14. september 1983 og var samfelld á skipinu til 23. janúar 1984, er hann kveðst með samkomulagi við fyrirsvarsmenn stefnda og skipstjóra hafa farið í frí. Óumdeilt er í málinu að stefnandi hafi verið búinn að vinna sér inn 58,6 frídaga hinn 23. janúar 1984, sbr. 8. gr. kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands. Stefnandi kveðst hafa átt að hefja störf aftur í lok mars 1984. Þegar dró að þeim tíma hafi stefndi Magnús Ármann, einn fyrirsvarsmanna stefnda Gunnars Guðjónssonar s/f, tilkynnt stefnanda að hans væri ekki óskað í skiprúm aftur. Telur stefnandi að stefndi hafi með þessu slitið ráðningarsamningnum fyrirvaralaust og án lögmætra ástæðna. Stefnandi kveðst ekki hafa sagt upp störfum sínum hjá hinu stefnda félagi. Telur stefnandi sig því eiga rétt á þriggja mánaða staðgengilslaunum mánuðina apríl, maí og júní 1984 ásamt orlofsfé. Nemi laun þessi alls kr. 168.153,00.

II.

Í skýrslu dagsettri 7. júní 1984 hefur stefnandi skýrt svo frá:

„Samkvæmt beiðni, sem kemur fram í bréfi Gunnars Guðjónssonar s/f. dags. 18.5. 1984, hef ég tekið saman eftirfarandi athugasemdir: „Ég byrjaði um borð í skipinu þann 23.6. '84. Við vorum til að byrja með í siglingum á Miðjarðarhafi og síðan sigldum við til Mið-Evrópulanda. Við komum heim í ágúst 1983 og þá fór skipið í slipp. Ég var svo lögskráður um borð aftur þann 14.9. '84. Þá sigldum við til tveggja ítalskra hafna með saltfisk og síðan til Frakklands, en þaðan var farið með fóður til Þýskalands. Við sóttum saltfisk til Íslands í nóvember og fórum með hann til Portúgals, en sigldum þaðan með timbur til Rotterdam. Síðan fórum við til Skotlands, en þaðan með kartöflur til Casablanca og svo til Portúgals og Rotterdam. Um það bil sem við vorum í Skotlandi, sem var líklega um jólaleytið, hafði ég innunnið mér 40 - 50 frídaga. Ég skýrði þá skipstjóra skipsins, Ingólfi Teiti Garðarssyni, frá því að ég hygðist taka mér frí þegar skipið kæmi til Mið-Evrópuhafnar næst. Jafnframt lá fyrir að Sveinn Hall Mátsson vélstjóri, sem var á sama róli og ég, myndi taka frí á sama tíma. Skipstjóri tók þessu vel og var ákveðið að vinna að þessu. Við ræddum þetta oftlega saman á næstu dögum og vikum. Jafnframt varð ljóst, að Svanur Jónsson bátmaður myndi taka frí á sama tíma. Skipstjóri hafði síðan samband við útgerð skipsins til að hægt væri að útvega mannskap í staðinn fyrir okkur sem ætluðum í frí. Þegar við komum til Portúgals frá Casablanca hafði skipstjóri samband heim og var okkur svo sagt að ákveðið væri að við færum í fríið þegar við kæmum til Rotterdam. Við komum svo til hafnar í Rotterdam þann 22. janúar 1984.

Þá hafði skrifstofan í Reykjavík séð um að panta flugmiða frá Amster-

dam til Reykjavíkur fyrir okkur sem fórum í frí. Lágu miðarnir tilbúnir á umboðsskrifstofu farmeiganda í Rotterdam. Ég fór af skipinu þann 23. janúar 1984 í fríð og var flogið heim þann 26. janúar sem var fimmtudagur. Mér hafði líkað vel í skiprúmi og milli mín og skipstjóra var ágætt samkomulag. Þegar við fórum frá borði í Rotterdam var auðvitað ljóst að við kæmum aftur, enda á leið í frí en ekki að hætta. Ég kom svo á skrifstofuna í Reykjavík strax um helgina til að afhenda nauðsynleg gögn s.s. upplýsingar um laun skipverja o.þ.h. Ég kom síðan oft á skrifstofuna, t.d. til að sækja laun og ýta á eftir því að fyrirtækið greiddi gjöld til bæjarfógetans í Kópavogi. Var svo ákveðið að ég og Sveinn Hall Mátsson færum um borð í lok mars. Það dróst nokkuð og skyndilega segir Magnús Ármann mér í símtali í lok mars að ég fari ekki um borð aftur. Ég varð mjög hissa og sagði að ég krefðist launa í uppsagnarfresti.“

Hér fyrir dómi hefur stefnandi lýst því yfir að ofangreind skýrsla sé rétt. Þá kveðst hann hafa verið fastráðinn á skipið. Hann skýrir svo frá að Magnús Ármann hafi sagt í ofangreindu símtali að ástæðan fyrir því að stefnandi færi ekki aftur um borð væri út af ágreiningi stefnanda og skipstjórans á skipinu. Stefnandi kveðst ekki hafa vitað um neinn slíkan ágreining og hafi enginn ágreiningur komið upp á milli þeirra. Þegar skipið kom til Rotterdam kveðst stefnandi hafa haft í fórum sínum fjórar verðlitlar styttur sem hann hafi ætlað til gjafa fyrir fjölskyldu sína. Þær hafi verið í pakka sem ekki hafi verið falinn. Löggæslumenn úr landi hafi rífið pakkann upp og skoðað stytturnar en ekki tekið þær en farið í land að skoðun lokinni. Allt tal um þessar verðlitlu styttur sé hlægilegt mál.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að stefnandi eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti sem miðist við mánaðamót mars/apríl 1984. Beri stefndu því að greiða stefnanda staðgengilslaun fyrir mánuðina apríl, maí og júní 1984. Er vísað í því sambandi til 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og kjarasamnings grein 4.2.1. Varðandi kröfu um orlof vísar stefnandi til laga nr. 87/1971 með síðari breytingum, sbr. einkum lög nr. 90/1982 um hlutfall orlofs af launum. Kröfu sína um að vextir leggist við höfuðstól árlega rökstyður stefnandi með vísan til 1. gr. laga nr. 56/1979. Er því haldið fram að með þeim hætti einum sé hægt að tryggja verðgildi krafna. Þá bendir stefnandi á algilda venju í bönkum sem ákvæðið miði við. Kröfu sína um sjóveðrétt í skipinu m/s Mar styður stefnandi við 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

Apríl 1984.

Grunnlaun í 21 dag	kr.	20.832,00	
Greiddir frídagar 17.1	“	16.964,00	
Eftirvinna samtals (án orlofs)	“	<u>22.741,00</u>	
			kr. 60.537,00

Mái 1984.

Grunnlaun í 23 daga	kr.	22.816,00	
Greiddir frídagar 10.60	“	10.515,00	
Eftirvinna samtals (án orlofs)	“	<u>19.357,00</u>	
			kr. 52.688,00

Júní 1984.

Grunnlaun í 16 daga	kr.	16.190,00	
Greiddir frídagar 7.4	“	7.488,00	
Eftirvinna samtals (án orlofs)	“	<u>15.731,00</u>	kr. 39.409,00
Orlof 10.17%			kr. <u>15.552,00</u>
		Samtals krafa	kr. 168.153,00

III.

Í greinargerð er því haldið fram af hálfu stefndu að stefnandi hafi verið ráðinn til afleysinga á m/s Mar fyrst hinn 22. júní 1983 og síðan aftur hinn 12. ágúst 1983. Stefnandi hafi farið af skipinu í Rotterdam í Hollandi hinn 23. janúar 1984 eftir að hafa sagt upp störfum sjálfur með þeim ummælum að hann kæmi ekki um borð aftur þar sem hann væri að ráða sig til Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Brottför stefnanda af skipinu hafi auk þess verið með þeim hætti að hann hafi lent í útistöðum við tollayfirvöld og lögreglu í Hollandi vegna tilrauna til smyglis. Hafi útgerðin orðið að greiða sektir vegna stefnanda af þeim sökum. Þótt komið hafi til álita að segja stefnanda upp fyrirvaralaust vegna hegðunar hans sem yfirmanns hafi ekki komið til slíks þar sem stefnandi hafi sjálfur sagt upp starfi sínu og vikið af skipinu. Hafi stefndu því gert að fullu upp við stefnanda vegna starfs hans sem skipverja á m/s Mar. Eigi stefnandi því enga kröfu til launa vegna uppsagnarfrests.

Við hinn munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu að málið snérist fyrst og fremst um það hvort stefnandi hafi sjálfur sagt upp störfum eða ekki.

IV.

Svo sem áður er fram komið hefur stefnandi gefi skýrslu hér fyrir dómi. Þá hefur stefndi Magnús Ármann einnig gefið skýrslu fyrir dóminum, svo og skipstjórinn Ingólfur Teitur Garðarsson, Magnús Kristinn Finnbogason,

véltjóri, Sveinn Hall Músson, véltjóri, og Svanur Jónsson, bátsmaður.

Gegn andmælum stefnanda hafa stefndu ekki sannað neinar þær ávirðingar af hálfu stefnanda sem leitt gætu til þess að heimilt væri að vísa honum úr skiprúmi fyrirvaralaust og án bóta. Þá er ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að stefnandi hafi verið ráðinn til afleysinga á skipið né að stefndu eða skipstjóri hafi sagt stefnanda upp starfinu. Gegn andmælum stefnanda hafa stefndu heldur ekki sannað að stefnandi hafi á einn eða annan hátt gefið í skyn svo ótvírætt sé að hann hafi sagt upp störfum sínum á skipinu. Verður því að líta svo á að stefnanda hafi verið vísað úr skiprúmi fyrirvaralaust þegar stefndi Magnús Ármann tilkynnti honum að hans væri ekki óskað aftur um borð í skipið.

Ber stefndu því að greiða stefnanda þriggja mánaða laun sbr. 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og gr. 4.2.1. í kjarasamningi. Með því að fjárhæð kröfunnar hefur ekki sætt tölulegum andmælum ber stefndu að greiða stefnanda kr. 168.153,00 ásamt vöxtum eins og krafist hefur verið, þó þannig að krafan um „að vexti verði heimilt að leggja við höfuðstól árlega í fyrsta sinn þann 1. júlí 1985.“ verður ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 35.000,00.

Eiganda m/s Mar, Jarlinum h/f í Grindavík, hefur ekki verið stefnt til að þola sjóveðrétt í skipinu til tryggingar tildæmdum fjárhæðum. Er því ekki að svo stöddu unnt að taka kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti til greina.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gunnar Guðjónsson s/f., Magnús Ármann og Magnús Gunnarsson, greiði in solidum stefnanda, Einari Hjaltasyni, kr. 168.153,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 4. október 1984 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.